ÚTHLUTUNARNEFND JEPPABIFREIÐA
REYKJAVIK

Reykjavík, 23. marz 1956.

Hér með tilkynnist yður, að Úthlutunarnefnd jeppabifreiða hefur ákveðið að þér fáið heimild til kaupa á einum hinna rússnesku landbúnaðarbifreiða, sem fluttar verða til landsins á þessu ári.

Það skal fram tekið, að áður en þér fáið bifreiðina afhenta, verðið þér að undirrita skuldbindingu um, að þér ætlið bifreiðina til eigin nota, og seljið hana ekki nema með leyfi nefndarinnar.

Fyrirtækið Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f Ægisgötu 10 Reykjavík flytur þessa landbúnaðarbíla inn og skuluð þér snúa yður til þessa fyrirtækis með allt varðandi kaup umræddrar bifreiðar.

F.h. Úthlutunarnefndar jeppabifreiða,

Til hr. Bjarnrúnar Jónsdóttur, Múla, Landmannahr., Rang.